

## Ævintýrasmiðjan

Heildstætt þróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á samþættingu leiklistar, myndsköpunar og hljóðleikhúss uppúr sögunni:

### *Ástarsaga úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur*

Kennari byrjar á því að segja bekknum frá því að nú eigi þau að fara að leika og að búa til hljóð. Þau þurfa að hlusta vel á söguna sem kennarinn segir þeim og er gott að kenna þeim hvað felst í t.d. kyrrmynd, látbragði, spuna og frásögn.

**Kyrrmynd:** Nemendur eiga að standa kyrrir í stellingu sem þeir búa til sjálfir. Eins og myndastytta. (Hér er upplagt að fara í 1, 2, 3, 4, 5 Dimmalimm).

**Látbragð:** Nemendur túlka hlutverkið sitt með hreyfingum án orða. (t.d. fljúga um loftið eins og fugl).

**Spuni:** Hlutverkjaleikur. Nemendur fá hlutverk og eiga að búa til atburðarás í kringum hlutverkin sem þau fá. (Þú ert pabbi minn og biður mig um að fara að sofa. Ég er óþekkt og segi nei. Hvað gerist?).

### ***Kennari: (frásögn)***

*Drengur situr á steini hjá pabba sínum og hlustar á sögur. Sögurnar eru um fólkið á Íslandi; ekki bara mannfólkið heldur líka um huldufólkið og tröllin í fjöllum. Drengurinn þekkir huldufólkið sem býr í hverjum steini, í hverjum hamri og í hverjum hól.*

**Látbragð:**

Kennari segir nemendum að nú eigi þeir að leika huldufólk og álfa. Þeir eigi að svífa og dansa um salinn eins og huldufólk og álfar með látbragði.

**Hljóð:**

Kennari biður nemendur um að búa til hljóð sem geti átt við huldufólk og álfa.

**Kennari: (frásögn)**

*Huldufólkið er finlegt og fallett og öllum þykir vænt um það. Hjá því er allt svo skínandi hreint og fágað, að mennirnir fá ofbirtu í augun ef þeir sjá inni álfhól. Enginn er hræddur við álfa.*

**Umræður:**

Kennari spyr nemendur hvernig hægt sé að sýna mismunandi svipbrigði t.d. ofbirtu, undrun, gleði og ánægju. Nemendur leika svipbrigði hljóðlega og bæta síðan hljóðum við.

**Kennari: (frásögn)**

*En hann veit líka að í fjöllum búa tröll og hann er dauðhræddur við þau. Þau eru líka svo stór og ljót. Í sumum sögunum taka tröllin lítil börn, en það er ekki satt. Þau eiga nóg af óþekktum börnum sjálf.*

**Kyrrmynd:**

Nemendur búa til kyrrmynd af tröllunum, þau eru stór og ljót. Kennari tekur myndir af hverri kyrrmynd fyrir sig.

***Kennari : (frásögn)***

*Tröllin eru líka skelfilega hávær. Við heyrum stundum lætin í þeim þegar þau eru að taka til, þá hrynja klettar úr fjöllum, steinar og möl ryðjast niður fjallshlíðarnar þannig að eftir verður gróðurlaust gil og gljúfur.*

***Spuni og hljóðmynd:***

Nemendur leika tröllin með tilheyrandi hljóðum þegar þau eru að taka til.

***Kennari: ( frásögn)***

*Stundum elda þau líka mat, þá stendur gufustrókur upp úr fjöllum og sóti og ösku rignir yfir okkur mennina. Tröllin elskast líka alveg eins og mennirnir. Þau faðmast og kyssast og veltast um af ást, alveg eins og við. Þannig eignast þau alla stóru tröllakrakkana sína. Þessu fylgir mikil læti, jörðin titrar og hús hrynja. Þá segja mennirnir að nú sé kominn jarðskjálfti.*

***Umræður:***

Kennari ræðir við nemendur um eldgos og jarðskjálfta. Hvað er að gerast? Haldið þið að það sé út af eldamennsku tröllanna, eða því að þau séu að elskast? Fá fram viðbrögð og kanna kunnáttu nemenda.

***Myndsköpun:***

Setjið stóra örku af maskínupappír á gólfnið ásamt fullt af litum. Kennari spyr um tröllin; hvernig líta þau út? En fjöllin? En huldufólkið? Kennari biður nemendur um að teikna tröllin og fjöllin á pappírinn. Þeir skiptast á, fimm til sex í einu eða öll, það fer eftir því hvað þau eru mörg að teikna. Smám saman verður til tröll og fjöll og annað sem þeim dettur í hug. Allan tímann heldur kennari áfram umræðum um tröllabörnin, eldgos, jarðskjálfta og huldufólk. Þegar allir eru sáttir við myndina heldur ferlið áfram.

***Kennari: (frásögn)***

*Drengurinn spyr pabba sinn hvort hann hafi séð tröll. Pabbi hans segir að tröllin ferðist bara þegar dimmt er. Ef dagsbirta skín á þau, verða þau að steini. Mörg íslensk tröll hafa orðið að steini. Þau komust ekki heim áður en sólin fór að skína.*

***Umræður:***

Af hverju líta margir steinar á Íslandi út eins og tröll? Hafið þið séð steina í fjöllunum sem líta út eins og tröll?

Mynd: (ljósrit af forsíðu bókarinnar) Þessi er eins og kerling og átta krakkar.

***Kennari: (frásögn)***

*Þetta er hún Flumbra gamla og strákarinnir hennar átta. Einu sinni var hún skotin í stórum og ljótum tröllkarli. Hann átti heima langt í burtu, en hann var svo latur að hann nennti aldrei að heimsækja hana. Þess vegna varð hún að elta hann um allar jarðir. En þegar hún var komin til hans var hann skotinn í henni líka. Þau fóru að kyssast og veltast um af ást. Þetta gat ekki endað nema á einn veg. Hún eignaðist átta stráka. Mikið fannst henni stákarnir sínir fallegir. Öllum mömmum í heiminum finnst börnin sín svo falleg. Líka skessunni.*

***Umræða:***

Hvað er væntumþykja? Af hverju þykir fólki vænt um hvert annað? Hvernig er hægt að sýna væntumþykju og ást? Hvernig sýnið þið mömmu ykkar og pabba hvað ykkur þykir vænt um þau?

***Spuni og hljóðmynd:***

Sýnið hvert öðru væntumþykju. Fyrst án hljóða og svo með hljóðum.

***Upptaka (með audacity):***

Taka upp orðin sem þau nota um væntumþykju og vináttu.

***Kennari: (frásögn)***

*Eina nóttina gat Flumbra ekki sofið, hún varð að finna nöfn á alla strákana sína. Hún hugsaði og hugsaði.*

***Umræða:***

Hvað ættu þeir að heita?

Fá tillögur um nöfn hjá nemendunum og skrifa þau niður.

***Kennari: (frásögn)***

*Loksins fann hún nöfn á þá alla sem hún var ánægð með.*

*Sá fyrsti fékk nafnið Allfríður, næsti Fullfríður, þriðji Dáfríður, fjórði Smáfríður, fimmti Snoppufríður, sjötti, Stórfríður, sjöundi, Undurfríður og áttundi fékk nafnið Bráðfríður.*

*Flumbra var svo ánægð með nöfnin að hún ákvað að fara með alla strákana til pabba síns. Hún lagði af stað um nóttina en strákarnir voru svo óþekkir að hún var mjög lengi á leiðinni.*

*Hún komst aldrei alla leið til tröllkarlsins síns. Þegar hún var næstum kominn til hann kom sólinn upp og þau urðu öll að steini.*

***Kyrrmyndir:***

Skiptið bekknum í litla hópa og biðjið þau um að gera kyrrmyndir af sögunni frá því hún byrjar og þar til hún endar. Kennari tekur myndir af hverri kyrrmynd fyrir sig.

***Leikgervi:***

Biðjið nemendur um að velja eina persónu sem þau halda mest uppá. Fáíð nemendur til að koma með tillögur að leikgervi fyrir persónurnar í sögunni.

*“Ef við mættum bara búa til einn hlut, lýsandi hlut fyrir þá persónu sem þið haldið mest upp á í sögunni, hvað ætti það að vera?”*

***Myndsköpun:***

Biðjið nemendur að teikna með neoncolor litum á A-5 blað mynd af þeirri persónu sem þau völdu. Fáíð þau til að vanda sig og fylla vel út í blaðið.

***Vinnusmiðja:***

Nemendur búa til hlutinn sinn. Nemendur teikna hann upp og útskýra fyrir hinum hvað þau ætla að gera og af hverju þau ákváðu að gera þetta. Þau útskýra síðan fyrir hinum hvernig þau ætla að framkvæma það. Þau verða að fá að prufa sig áfram með hlutinn sinn. Kennari má ekki stoppa þau heldur á að leyfa ímyndunaraflinu þeirra að ráða; reyna frekar að komast að samkomulagi um hvernig hægt sé að gera hlutina.

***Hljóðmynd:***

Hvernig tónlist getum við haft í leikritinu okkar? Á hún að vera drungaleg eða glaðleg. Fáíð tillögur. Búið síðan til tónlist með því sem til þarf; hvort sem það er með höndum, röddum eða einhverju tilfallandi. Ef einhver kann að spila á hljóðfæri er hægt að hafa það með.



Útbúið disk með tónlistinni þar sem búið er að bæta orðunum þeirra inní um væntumþykju og vináttu.

***Persónusköpun:***

Hvernig ganga töllin? En álfkonur? Huldufólk? Tröllapabbi? Flumbra? Önnur tröll? Fáíð nemendur til að búa til göngulag fyrir sína persónu ásamt raddbeitingu. Bætið hlutnum við og sýnið hvert öðru.

***Spuni:***

Skiptið nemendum í nokkra hópa. Hóparnir eiga síðan að leika senurnar eins og þau vilja með hlutinn sem þeir gerðu og tónlistin hljómar bæði á undan og eftir. Leyfið nemendum að ræða um hvern spuna fyrir sig.

***Kennari:(frásögn)***

*Flumbra og strákarnir hennar eru ennþá í fjallinu. Þau eiga eftir að standa þarna í þúsund ár. Þó svo að tröllkarlinn ætti leið hjá, mundi hann ekki þekkja þau. Hann vissi ekki að hann ætti alla þessa fínu stráka. Strákurinn er ekki lengur hræddur við tröll. Nú þekkir hann tröllin.*

*Hann veit líka að þau eru ekki ein. Á vorin koma kríurnar frá fjarlægum löndum og verpa í eyrun á henni Flumbru, þær eru næstum jafn háværar og strákarnir voru. Landið okkar er líka gott við þá sem þar búa. Það klæðir þau smá saman í falleg föt úr mosa og lyngi og grösom og skófum. Strákarnir frikka með ári hverju og mamma þeirra er fín eins og fjallkona.*

*Þegar kólnar í veðri klæðir snjórinn strákana hennar Flumbru í hvítar vetrarúlpur og skessan mamma þeirra er finasta tröllskessa í heimi í hvítu loðkápunni sinni.*

***Umræður:***

Af hverju er strákurinn ekki lengur hræddur við tröllin?

Búa einhverjir aðrir í fjöllunum?

Af hverju eru fjöll á Íslandi?

Hvað fjall þekkið þið?

Hver er boðskapur sögunnar?

Hvað er verið að kenna okkur?

Hvað er það sem gerist í sögunni

Er sagan ævintýri? Hvernig vitum við það?

***Hugsa/ræða/deila:***

Endar sagan vel? Hvernig getur hún endað öðruvísi?

Fáið nemendur til að hugsa um spurninguna, para (tvö og tvö ) sig síðan saman og ræða málin.

Biðjið þau um að deila með öðrum í bekknum hvaða niðurstöðum þau komust að. (Skrifa það á töflu) (1 mínúta).

***Endir:***

Nemendur búa til annan endi á söguna, út frá þeirra hugmyndum.

***Endursögn með myndum:***

Prentið út kyrrmyndirnar sem voru teknar af hópunum og fáið hópana til að endursegja söguna út frá myndunum með áherslu á *fyrst, síðan og að lokum*.

Veljið síðan eina mynd frá hverjum hópi og búið til myndasögu sem fer upp á vegg við hliðina á stóru myndinni sem þau teiknuðu sama.





***Bók:***

Búið til þeirra eigin bók fyrir hvern nemenda með kyrrmyndasögunni til að eiga. Hafið mynd af tröllinu þeirra á forsíðu ásamt teikningu af persónuhlutnum sínum og orðabanka um vináttu og væntumþykju til að taka með heim.

***Vettvangsferð:***

Gaman er að fara með nemendurna út á græn svæði til að finna steina sem minna á tröll, álfa eða huldufólk. Hægt er að ferðast með strætó t.d . í Öskjuhlíðina. Þar eru hamrar og berg sem hægt er að heimsækja.